

ÍS 47 ehf.
Fagraholti 3
400 Ísafjörður

Reykjavík, 16. nóvember
2022UST202202-358/G.S.O.
08.12.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 3. október 2022 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 19. ágúst sl. Frestur var veittur til 25. október til að skila inn áætluninni.

Frávikin voru eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Eldið skal staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðaukum 1 og 2 í starfsleyfi. Kvíahring hefur rekið í sjónum frá þorpinu á Flateyri og inn Önundarfjörðinn. Rekstraraðila er bent á að hann ber ábyrgð á öllum eldisbúnaði sínum og ber að tryggja að hann sé tryggilega festur, þar sem heimild er fyrir skv. starfsleyfi. **Staðfest er að hringurinn sé ekki lengur í eigu ÍS 47 og frávikinu því lokið.**
- 2. Gr. 2.3 og 3.1 í starfsleyfi.** Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara yfir 14,0 kg/tonn af framleiddum fiski. Upplýsingar um losun fosfórs vantaði í ársskýrslu rekstraraðila. Heildarlosun fosfórs kemur fram í Grænu bókhaldi en ekki reiknað út á framleitt tonn líkt og kveðið er á um. **Upplýsingarnar hafa nú borist Umhverfisstofnun og frávikinu því lokið en stofnunin ítrekar að framvegis verði útreikningar að fylgja ársyfirliti og/eða grænu bókhaldi.**
- 3. Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. **Ársyfirliti var skilað til eftirlitsaðila þann 7. júlí sl. og frávikinu því lokað með bréfi 3. október.**
- 4. Gr. 3.3 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og útstreymisbókhald og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. **Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað til eftirlitsaðila þann 7. júlí sl. og frávikinu því lokað með bréfi 3. október.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur